

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 50b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120) í XI. viðauka við samninginn:

„50c. **32016 L 2102**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki (Stjtið. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 3. mgr. 12. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) í a-lið koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021“ í staðinn fyrir „23. september 2018“ og í staðinn fyrir „23. september 2019“ kemur „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021“,
- ii) í b-lið koma orðin „tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021“ í staðinn fyrir „23. september 2020“,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1.

iii) í c-lið koma orðin „tveimur og hálfu ári eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021“ í stað „23. júní 2021“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/2102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.